

BSc Í VIÐSKIPTAFRÆÐI

3ja ára nám (180 ECTS)

Viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík er fjölbreytt, krefjandi og hagnýtt nám sem opnar þér dyr að margvíslegum starfstækifærum og framhaldsnámi.

Námið samanstendur af kjarna, vali og BSc-verkefni. Á fyrstu tveimur árunum er sköpuð traust undirstaða í lykilkáttum viðskipta, s.s. reikningshaldi, fjármálum, stærðfræði, tölfraði, stjórnun og markaðsfræði. BSc-nám í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík er fræðilegt nám með hagnýtri nálgun.

- Stór hagnýt verkefni eru unnin í lok fyrsta og annars námsárs og gefa þau viðskiptafræðinámi við HR ákveðna sérstöðu.
- Á árinu 2008 komu alls 90 gestafyrirlesarar úr atvinnulífinu í kennslu í BSc-náminu í viðskiptadeild HR.

SÉRSTAÐA VIÐSKIPTAFRÆÐINÁMS VIÐ HR

- **ÚRVALSNEMENDUR** Í námið eru valdir góðir námsmenn með skýr markmið í lífinu og mikla samskiptafærni. Sterkur nemendahópur hjálpar okkur til að tryggja skilvirkt nám, enda lýkur stór hluti nemenda 30 einingum á hverri önn og meirihlutinn útskrifast á réttum tíma.
- **FRAMÚRSKARANDI KENningarAR** Við val á kennurum leggur viðskiptadeild HR áherslu á framúrskarandi fræðilega þekkingu, góða kennsluhæfileika og fjölbætta reynslu úr atvinnulífinu. Rannsóknir, kennsla og tengsl við atvinnulífið eru grunnurinn að frammistöðumati kennara.
- **MARKVISS ÞJÁLFUN** Markmiðið er að útskrifaðir nemendur séu gerendur, greinendur og gagnrýnendur. Þessu markmiði náum við með jafnvægi á milli hagnýtra og fræðilegra verkefna í náminu.
- **STERK TENGL VIÐ ATVINNULÍFIÐ** Tengsl við atvinnulífið er eitt af áhersluatriðum í BSc-náminu í HR, og koma þau meðal annars fram í fjölda gestafyrirlesara og hagnýtra verkefna sem unnin

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.HR.IS

Á þriðja ári gefst nemendum kostur á fjölda valnámskeiða í samræmi við áhugasvið. Lokaverkefnið er rannsóknarverkefni eða fyrirtækjaverkefni sem tveir nemendur vinna saman, og er lögð áhersla á að prófa og þjálfa faglega hæfni og sjálfstæð vinnubrögð. Á þriðja ári eru mörg námskeiðanna kennd á ensku, enda er tungumálakunnátta æ mikilvægari með aukinni alþjóðavæðingu viðskiptalífsins. Nemendur í BSc-námi viðskiptadeildar geta beint vali sínu í ákveðna átt og útskrifast þannig með sérstaka áherslu á eitt eftirfarandi sviða: Alþjóðaviðskipti, Fjármál og hagfræði, Markaðsfræði, Reikningshald og endurskoðun, Stjórnun og Tungumál. Einnig er hægt að ljúka 30 ECTS einingum í tölvunarfræði eða lögfræði og útskrifast þá úr viðskiptafræði með tölvunarfræði- eða lögfræðivali.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Frekari upplýsingar um námið veita verkefnastjórar BSc náms við viðskiptadeild. Ingibjörg Sveinsdóttir í síma 599-6338, bsnamvd@ru.is
Kristín Leopoldína í síma 599-6284, bsnamvd@ru.is
eða á heimasíðu viðskiptadeildar : www.viðskiptadeild.is

BSc Í VIÐSKIPTAFRÆÐI

3ja ára grunnnám

FYRSTA ÁR - HAUSTÖNN	FYRSTA ÁR - VORÖNN
Hagnýt stærðfræði	Þjóðhagfræði
Rekstrarhagfræði I	Rekstrargreining
Fjárhagsbókhald	Fjármál I
Markaðsfræði	Stjórnun
Aðferðafræði	Nýsköpun og stofnun fyrirtækja
ANNAÐ ÁR - HAUSTÖNN	ANNAÐ ÁR - VORÖNN
Hagnýt tölfraði I	Mannauðsstjórnun
Fjármálamarkaðir	Vörustjórnun
Rekstrarstjórnun	Stefnumótun
Alþjóðaviðskipti	Fjármál II
Gerð og greining ársreikninga	Neytendahegðun og markaðssamskipti
ÞRIÐJA ÁR - HAUSTÖNN	ÞRIÐJA ÁR - VORÖNN
Viðskiptalögfræði	BSc-verkefni
Hagnýt upplýsingakerfi	Valnámskeið
Valnámskeið	Valnámskeið
Valnámskeið	Valnámskeið
Markaðs- og viðskiptarannsóknir	Markaðs- og viðskiptarannsóknir

BSc Í VIÐSKIPTAFRÆÐI

Háskólanám með vinnu (HMV)

FYRSTA ÁR - HAUSTÖNN	FYRSTA ÁR - VORÖNN	FYRSTA ÁR - SUMARÖNN
Fjárhagsbókhald	Hagnýt tölfraði I	Rekstrargreining
Markaðsfræði I	Viðskiptalögfræði	Aðferðafræði
Hagnýt stærðfræði	Fjármál I	Rekstrarhagfræði I
ANNAÐ ÁR - HAUSTÖNN	ANNAÐ ÁR - VORÖNN	ANNAÐ ÁR - SUMARÖNN
Stjórnun	Stefnumótun	Fjármál II
Þjóðhagfræði I	Fjármálamarkaðir	Alþjóðaviðskipti
Gerð og greining ársreikninga	Mannauðsstjórnun	Nýsköpun og stofnun fyrirtækja
ÞRIÐJA ÁR - HAUSTÖNN	ÞRIÐJA ÁR - VORÖNN	ÞRIÐJA ÁR - SUMARÖNN
Rekstrarstjórnun	Vörustjórnun	Hagnýt upplýsingakerfi
Valnámskeið	Valnámskeið	BSc-verkefni
Neytendahegðun og markaðssamskipti	Markaðs- og viðskiptarannsóknir	
FJÓRÐA ÁR - HAUSTÖNN	FJÓRÐA ÁR - VORÖNN	FJÓRÐA ÁR - SUMARÖNN
Valnámskeið		
Valnámskeið		
Valnámskeið		